

1. nóvember 2018

Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2018

Labour market statistics, 3rd quarter 2018

Samantekt

Á þriðja ársfjórðungi 2018 voru að jafnaði 206.700 manns á aldrinum 16–74 ára á vinnumarkaði. Af þeim voru 202.200 starfandi og 4.500 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka var 82,4%, hlutfall starfandi 80,6% en atvinnuleysi 2,2%. Atvinnulausar konur voru 2.200 og var atvinnuleysi á meðal kvenna 2,3%. Atvinnulausir karlar voru 2.300 eða 2,0%. Atvinnuleysi var 2,5% á höfuðborgarsvæðinu og 1,5% utan þess. Samanborið við þriðja ársfjórðung 2017 fjölgaði starfandi fólki um 7.900 og hlutfall starfandi af mannfjölda jókst um 0,4 prósentustig. Fjöldi atvinnulausra jókst lítillega á milli ára eða rétt um 200 manns en hlutfall þeirra af vinnuafli stóð í stað.

Á þriðja ársfjórðungi 2018 voru að jafnaði 167.400 manns við vinnu í hverri viku ársfjórðungsins eða 82,8% starfandi fólks og 66,7% af heildarmannfjölda 16–74 ára. Meðalfjöldi heildarvinnustunda á viku voru 41,1 klukkustund hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 45,3 klukkustundir hjá þeim sem voru í fullu starfi og 25,0 klukkustundir hjá þeim sem voru í hlutastarfi.

Sjá [talnaefni á vef Hagstofunnar](#).

Inngangur

Alþjóðlegir staðlar og skilgreiningar

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er hluti af samstarfi ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu um vinnumarkaðstölfræði og byggist á alþjóðlegum stöðlum og skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við niðurstöður annarra EES-ríkja og víðar. Hagstofan hefur rannsakað vinnumarkaðinn með ársfjórðungslegum niðurstöðum samfellt frá ársbyrjun 2003 en á tímabilinu 1991–2002 var rannsóknin framkvæmd tvisvar á ári, í apríl og nóvember ár hvert.

Framkvæmd

Þriðji ársfjórðungur 2018 nær til 13 vikna, frá 2. júlí til 30. september. Í úrtak vinnumarkaðsrannsóknarinnar völdust af handahófi 5.009 einstaklingar á aldrinum 16–74 ára sem höfðu lögheimili á Íslandi. Þegar frá eru taldir þeir sem voru látnir eða búsettir erlendis reyndist nettóúrtakið 4.889 einstaklingar. Alls fengust nothæf svör frá 3.234 einstaklingum sem jafngildir 66,1% svörun. Allar tölur hafa verið vegnar eftir kyni og aldri. Vikmörk niðurstaðna um atvinnuþátttöku eru $\pm 1,2$ prósentustig, hlutfall starfandi $\pm 1,2$ prósentustig, atvinnuleysi $\pm 0,6$ prósentustig og vinnutíma $\pm 0,7$ klukkustundir.




Vinnuafli

Atvinnuþátttaka 82,4%
á þriðja ársfjórðungi 2018

Á þriðja ársfjórðungi 2018 voru 206.700 manns á vinnumarkaði sem jafngildir 82,4% atvinnuþátttöku. Frá þriðja ársfjórðungi 2017 fjölgaði fólki á vinnumarkaði um 8.100 og atvinnuþátttakan jókst um 0,4 prósentustig. Atvinnuþátttaka kvenna á þriðja ársfjórðungi 2018 var 78,5% en karla 86,1%. Til samanburðar þá var atvinnuþátttaka kvenna 78,1% á þriðja ársfjórðungi 2017 og karla 85,7%. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuþátttaka 83,6% á þriðja ársfjórðungi 2018 og 80,3% utan þess.

Mynd 1. Atvinnuþátttaka eftir kyni og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 1. Activity rate by sex and quarter 2010–2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), atvinnuþátttaka 3. ársfjórðungur 2018: Alls $\pm 1,2$; karlar $\pm 1,5$; konur $\pm 1,8$.
CI (95%) 3rd quarter 2018 Activity rate: Total ± 1.2 ; Males ± 1.5 ; Females ± 1.8 .

Skilgreining atvinnuþátttöku

Á vinnumarkaði eða til vinnuaflsins teljast bæði þeir sem eru starfandi og þeir sem eru atvinnulausir. Atvinnuþátttaka er hlutfall starfandi og atvinnulausra, það er hlutfall vinnuaflsins, af mannfjölda.

Starfandi fólk

Hlutfall starfandi af mannfjölda
jókst lítillega á milli ára

Fjöldi starfandi á þriðja ársfjórðungi 2018 var 202.200 manns og var hlutfall starfandi af mannfjölda 80,6%. Frá þriðja ársfjórðungi 2017 til þriðja ársfjórðungs 2018 fjölgaði starfandi fólki um 7.900 manns og jókst hlutfall þess af mannfjölda um 0,4 prósentustig. Hlutfall starfandi kvenna var 76,6% og starfandi karla 84,4%. Starfandi konum fjölgaði um 3.600 og körlum um 4.200. Hlutfall starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu var 81,5% og utan höfuðborgarsvæðis 79,1%.


Til samanburðar voru 194.300 starfandi á þriðja ársfjórðungi 2017 og hlutfall af mannfjölda 80,2%. Hlutfall starfandi kvenna var 76,1% og starfandi karla 84,1%. Þá var hlutfall starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu 79,7% og 81,1% utan höfuðborgarsvæðisins.

Skilgreining á starfandi

Fólk telst vera starfandi ef það hefur unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarvikunni rannsóknar eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu.

Mynd 2. Starfandi eftir kyni og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 2. In employment by sex and quarter 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), starfandi 3. ársfjórðungur 2018: Alls $\pm 1,2$; karlar $\pm 1,6$; konur $\pm 1,8$.
CI (95%) 3rd quarter 2018 Employed: Total $\pm 1,2$; Males $\pm 1,6$; Females $\pm 1,8$.

Starfandi í fullu starfi eða
hlutastarfi

Af starfandi fólki á þriðja ársfjórðungi 2018 voru 160.100 í fullu starfi, eða 79,2% og 42.200 í hlutastarfi eða 20,8%. Fólki í fullu starfi fjölgaði um 1.200 frá þriðja ársfjórðungi 2017 og fólki í hlutastörfum um 7.600 manns. Af starfandi konum voru 68,4% í fullu starfi á þriðja ársfjórðungi 2018 og 88,3% af starfandi körlum.

Mynd 3. Starfandi í fullu starfi eftir kyni og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 3. Employed full-time by sex and quarter 2010–2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), starfandi í fullu starfi 3. ársfjórðungur 2018: Alls $\pm 1,5$; karlar $\pm 1,6$; konur $\pm 2,6$. CI (95%) 3rd quarter 2018 Employed full-time: Total $\pm 1,5$; Males $\pm 1,6$; Females $\pm 2,6$.


Atvinnuleysi

Atvinnuleysi 2,2%

Á þriðja ársfjórðungi 2018 voru að meðaltali 4.500 manns án vinnu og í atvinnuleit eða 2,2% vinnuaflsins. Frá þriðja ársfjórðungi 2017 til þriðja ársfjórðungs 2018 fjölgaði atvinnulausum lítillega eða um 200 manns en hlutfall atvinnulausra af vinnuaflinu var óbreytt.

Mynd 4. Atvinnuleysi eftir ársfjórðungi 2010–2018

Figure 4. Unemployment rate by quarter 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 3. ársfjórðungur 2018: Atvinnuleysi $\pm 0,6$. CI (95%) 3rd quarter 2018: Unemployment rate $\pm 0,6$.

Atvinnuleysi eftir kyni

Atvinnuleysi á þriðja ársfjórðungi mældist 2,3% hjá konum og 2,0% hjá körlum samanborið við 2,5% hjá konum á þriðja ársfjórðungi 2017 og 1,9% hjá körlum.

Mynd 5. Atvinnuleysi eftir kyni og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 5. Unemployment rate by sex and quarter 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), atvinnuleysi 3. ársfjórðungur 2018: Karlar $\pm 0,7$, konur $\pm 0,9$. CI (95%) 3rd quarter 2018 Unemployment rate: Males $\pm 0,7$; Females $\pm 0,9$.

Atvinnuleysi eftir búsetu

Á höfuðborgarsvæðinu mældist atvinnuleysi 2,5% á þriðja ársfjórðungi 2018 og 1,5% utan höfuðborgarsvæðisins, sem er sama hlutfall og mældist á þriðja ársfjórðungi 2017.

Mynd 6. Atvinnuleysi eftir búsetu og og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 6. Unemployment rate by region and quarter 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 3. ársfjórðungur 2018: Höfuðborgarsvæði $\pm 0,8$, utan höfuðborgarsvæðis $\pm 0,8$. CI (95%) 3rd quarter 2018: Capital region $\pm 0,8$, Outside Capital region $\pm 0,8$.

Atvinnuleysi eftir aldri

Þrátt fyrir að dregið hafi úr mun á atvinnuleysi eftir aldurshópum mælist atvinnuleysi enn mest hjá fólki á aldrinum 16–24 ára. Árstíðasveiflur eru enn sem áður mest áberandi í þeim hópi og stafar það helst af sumarstörfum þeirra. Á þriðja ársfjórðungi 2018 mældist atvinnuleysi 4,9% hjá 16–24 ára, hjá fólki 25–54 ára mældist það 1,6% og hjá elsta hópnum 55–74 ára var það 1,9%.

Mynd 7. Atvinnuleysi eftir aldri og og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 7. Unemployment rate by age-group and quarter 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 3. ársfjórðungur 2018: 16–24 ára $\pm 2,1$, 25–54 ára $\pm 0,6$, 55–74 ára $\pm 1,0$. CI (95%) 3rd quarter 2018: 16–24 years $\pm 2,1$, 25–54 years $\pm 0,6$, 55–74 years $\pm 1,0$.

Atvinnuleysi eftir menntun

Atvinnuleysi hefur í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands alltaf mælist mest hjá þeim sem aðeins hafa lokið grunnenntun. Á þriðja ársfjórðungi 2018 var atvinnuleysi 3,4% í þeim hópi. Hjá þeim sem lokið hafa starfs- eða framhaldsmenntun mældist atvinnuleysi 2,2% og 1,3% meðal þeirra sem lokið hafa háskólamenntun.

Mynd 8. Atvinnuleysi eftir menntun og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 8. Unemployment rate by education and quarter 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), 3. ársfjórðungur 2018: Grunnenntun $\pm 1,4$, starfs- og framhaldsmenntun $\pm 1,0$, háskólamentun $\pm 0,7$. CI (95%) 3rd quarter 2018: ISCED 1,2 $\pm 1,4$, ISCED 3,4 $\pm 1,0$, ISCED 5+ $\pm 0,7$.

Atvinnuleysi og lengd atvinnuleitar

Af þeim sem voru atvinnulausir á þriðja ársfjórðungi 2018 höfðu að jafnaði 2.000 verið atvinnulausir í 2 mánuði eða skemur eða 43,9% atvinnulausra. Á þriðja ársfjórðungi 2017 höfðu um 2.700 einstaklingar verið atvinnulausir í 2 mánuði eða skemur og voru þá 62,3% atvinnulausra.

Mynd 9. Atvinnulausir eftir lengd atvinnuleitar og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 9. Unemployed by duration of search for employment and quarter 2010–2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), lengd atvinnuleitar 3. ársfjórðungur 2018: Minna en 1 mán. ± 600 , 1–2 mán. ± 500 , 3–5 mán. ± 400 , 6–11 mán. ± 500 og 1 ár eða lengur ± 500 . CI (95%) 3rd quarter 2018 Duration of search: Less than month ± 600 , 1–2 months ± 500 , 3–5 months ± 400 , 6–11 months ± 500 and 1 year or more ± 500 .

Langtímaatvinnuleysi

Þeir sem hafa verið atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur eru taldir til langtímaatvinnulausra. Á þriðja ársfjórðungi 2018 höfðu um 700 manns verið langtímaatvinnulausir eða 16,0% atvinnulausra samanborið við 400 manns á þriðja ársfjórðungi 2017, sem þá voru 10,3% atvinnulausra. Á þriðja ársfjórðungi 2018 voru 0,3% af þeim sem voru á vinnumarkaði langtímaatvinnulausir en voru 0,2% á þriðja ársfjórðungi 2017.

Skilgreining á atvinnuleysi


Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku rannsóknarinnar, þ.e. höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast sem atvinnulausir ef þeir uppfylla skilyrðin hér að framan.

Vinnulitlir og mögulegt vinnuafli

Tölur um atvinnuleysi eins og hér að framan eru byggðar á skilgreiningu Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar (*International Labour Organization—ILO*). Þær gefa mikilvægar vísbendingar um stefnu hagkerfisins og vinnumarkaðarins en segja þó ekki alla söguna. Ítarlegri greining á vinnuaflinu kallar á frekari sundurgreiningu á þeim hópum sem eru á mörkum atvinnuleysis. Annars vegar er fólk á mörkum atvinnuleysis og launavinnu, til dæmis þeir sem teljast vinnulitlir (e. *Underemployed part-time*), en það er fólk í hlutastarfi sem vill vinna meira. Hins vegar er fólk utan vinnumarkaðarins sem er ekki talið til atvinnulausra, svo sem fólk í atvinnuleit sem getur ekki hafið störf innan tveggja vikna og fólk sem er ekki að leita að vinnu en er tilbúið að vinna ef tækifæri gefst. Tveir síðastnefndu hóparnir eru almennt ekki taldir hluti af vinnuaflinu þegar atvinnuleysi og virkni á vinnumarkaði eru metin á grundvelli atvinnuleysis-skilgreiningar ILO. Að vissu leyti má líta á þessa hópa sem viðbótarvinnuafli (e. *potential additional labour force*) á mörkum atvinnuleysis og óvirkni (e. *economically inactive*), sem mögulega mætti virkja.

Mynd 10. Vinnulitlir og viðbótarvinnuafli 3. ársfjórðungur 2018

Figure 10. Underemployment and potential additional labour force 3rd quarter 2018



Skýringar Notes: Mannfjöldi eftir stöðu á vinnumarkaði á 3. ársfjórðungi 2018. Population by labour market status, 3rd quarter 2018.

Hóparnir þrír eiga það sammerkt að leggja minna af mörkum á vinnumarkaði en þeir geta eða vilja og má segja að þeir séu vannaþyrft vinnuafli. Þrátt fyrir að þessir hópar teljist ekki atvinnulausir samkvæmt skilgreiningu ILO endurspeglar þeir engu að síður skort á atvinnu, samanber fólk sem sinnir hlutastörfum af því þeim býðst ekki fullt starf. Á þriðja ársfjórðungi voru samtals um 14.500 manns sem teljast atvinnulausir samkvæmt skilgreiningu, gætu að einhverju leyti talist vannaþyrft

vinnuafli (vinnulitlir) eða mögulegt vinnuafli eða 5,8% af heildarmannfjölda 16–74 ára.

Tafla 1. Mannfjöldi eftir stöðu á 3. ársfjórðungi


Table 1. Population by status in 3rd quarter

	3. ársfjórðungur 3 rd quarter				2018
	2015	2016	2017	2018	ÖB CI (± 95%)
	Mannfjöldi 16–74 ára Population 16–74 years	231.200	236.200	242.200	250.800
Utan vinnumarkaðar Economically inactive	38.500	36.700	43.600	44.100	2.900
Aðrir utan vinnumarkaðar Others inactive	29.800	29.400	35.800	39.000	2.700
Tilbúnir að vinna en ekki að leita Available but not seeking	7.800	6.100	6.800	4.100	1.100
Að leita en ekki tilbúnir að vinna Seeking work but not available	900	1.100	1.000	1.000	600
Atvinnulausir Unemployed	6.700	5.200	4.300	4.500	1.200
Starfandi Employed	185.900	194.300	194.300	202.200	3.100
Vinnulitlir í hlutastarfi Underemployed part-time	6.100	5.500	5.800	5.000	1.200
Aðrir í hlutastarfi Others part-time	32.200	36.300	36.300	37.200	3.000
Í fullu starfi – tímabundið Full-time temporary	17.900	17.600	16.400	11.900	1.900
Í fullu starfi – ótímabundið Employed full-time	129.700	134.800	135.800	148.100	3.800

Skýringar Notes: Fjöldatölur eru námundaðar að næsta hundraði. Figures are rounded to the closest hundred.

Mynd 11. Utan vinnumarkaðar (viðbótarvinnuafli) 2010–2018

Figure 11. Economically inactive (potential additional labour force) 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), Utan vinnumarkaðar 3. ársfjórðungur 2018: Að leita ±1,0, tilbúnir að vinna ±2,1 og aðrir utan vinnumarkaðar ±2,9. CI (95%) 3rd quarter 2018 Inactive: Looking ±1.0, ready to work ±2.1 and others inactive ±2.9.

Viðbótarvinnuafli

Á þriðja ársfjórðungi 2018 voru 44.100 manns utan vinnumarkaðar. Af þeim voru 4.100 tilbúnir til að vinna byðist þeim starf, eða 9,3%. Um 1.000 manns voru í atvinnuleit en ekki tilbúnir til að hefja störf eða 2,2%. Samtals eru þetta um 5.100 manns, eða 11,5% þeirra sem eru utan vinnumarkaðar, sem annaðhvort eru tilbúnir að vinna en ekki að leita eða eru að leita en ekki tilbúnir að vinna. Hlutfall meðal kvenna í þessum hópi utan vinnumarkaðar var 10,4% og hlutfall meðal karla var 12,2%. Hlutfall hópsins af heildarmannfjölda á aldrinum 16–74 ára er 2,0%. Til samanburðar er mælt atvinnuleysi af heildarmannfjölda 16–74 ára einnig 2,0%.

Mynd 12. Viðbótarvinnuafli utan vinnumarkaðar eftir kyni 2010–2018


Figure 12. Potential additional labour force of Inactive by sex 2010–2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), viðbótarvinnuafli 3. ársfjórðungur 2018: Alls $\pm 2,6$; karlar $\pm 3,9$; konur $\pm 3,4$. CI (95%) 3rd quarter 2018 Potential labour force: Total $\pm 2,6$; Males $\pm 3,9$; Females $\pm 3,4$.

Mynd 13. Skipting starfandi 2010–2018

Figure 13. In employment 2010–2018




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), skipting starfandi 3. ársfjórðungur 2018: Vinnulitlir $\pm 0,5$, í hlutastarfi $\pm 1,4$, tímabundið fullt starf $\pm 0,9$ og fullt starf $\pm 1,6$. CI (95%) 3rd quarter 2018 In employment: Underemployed $\pm 0,7$, Part-time $\pm 1,4$, Temporary full-time $\pm 0,9$ and Full-time $\pm 1,6$.

Vinnulitlir

Af starfandi fólki voru 42.200 í hlutastörfum og þar af um 5.000 manns, eða 11,8%, sem teljast vinnulitlir á þriðja ársfjórðungi 2018. Af heildarfjölda starfandi voru vinnulitlir 2,5%. Hlutfall meðal kvenna var 3,7% og á meðal karla 1,4%. Af heildarmannfjölda var hlutfall allra vinnulítilla 2,0%. Hlutfall þeirra sem ekki eru fastráðnir í fullt starf stjórnað af árstíðabundnum þáttum, samanber mynd 13. Til að mynda er hlutfall þeirra sem eru í hlutastarfi alltaf hærra á fyrsta og þriðja ársfjórðungi hvers árs á meðan það lækkar hjá þeim sem ráðnir eru tímabundið í fullt starf.

Mynd 14. Vinnulitlir af starfandi eftir kyni 2010–2018

Figure 14. Underemployed as a percent of those in employment by sex 2010-2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%), vinnulitlir 3. ársfjórðungur 2018: Alls $\pm 0,6$; karlar $\pm 0,6$; konur $\pm 1,1$. CI (95%) 3rd quarter 2018 Underemployed: Total $\pm 0,6$; Males $\pm 0,6$; Females $\pm 1,1$.


Starfandi „við vinnu“

82,8% starfandi fólks að jafnaði við vinnu á þriðja ársfjórðungi

Á þriðja ársfjórðungi 2018 voru að jafnaði um 167.400 manns við vinnu í viðmiðunarvikum ársfjórðungsins, sem er 66,7% af mannfjölda og 82,8% af öllu starfandi fólki.

Mynd 15. Við vinnu í viðmiðunarvikum eftir ársfjórðungi 2010–2018

Figure 15. Employed at work in reference week by quarter 2010–2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) við vinnu í viðmiðunarvikum 3. ársfjórðungur 2018: Hlutfall við vinnu af starfandi $\pm 1,5$, af mannfjölda $\pm 1,6$. CI (95%) Employed at work in reference week 3rd quarter 2018: Percentage at work of employed $\pm 1,5$, of population $\pm 1,6$.

Fjarverandi í viðmiðunarvikum

Að jafnaði voru 34.900 eða 17,2% starfandi fólks fjarverandi frá vinnu alla vikuna á þriðja ársfjórðungi. Ástæður fjarvista frá vinnu alla vikuna má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Ástæður fjarvista frá vinnu alla vikuna á 3. ársfjórðungi
Table 2. Reasons for absence from work for the entire reference week in 3rd quarter


	3. ársfjórðungur 3 rd quarter			2018	
	2015	2016	2017	2018	ÖB CI (± 95%)
Áætlaður fjöldi Estimated number	30.100	29.300	33.000	34.900	3.000
Veikindi <i>Illness</i>	2.400	2.100	2.700	3.200	1.000
Fæðingarorlof <i>Maternity/paternity leave</i>	2.900	3.200	3.000	3.900	1.100
Frí <i>Vacation</i>	23.300	22.500	25.900	26.100	2.700
Vinnuskipulag <i>Work arrangement</i>	800	800	600	1.000	600
Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	700	700	800	700	500
Hlutfall Percent					
Fjarverandi Absent from work	16,2	15,1	17,0	17,2	1,5
Veikindi <i>Illness</i>	7,8	7,1	8,3	9,1	2,3
Fæðingarorlof <i>Maternity/paternity leave</i>	9,6	11,1	9,1	11,2	2,7
Frí <i>Vacation</i>	77,3	76,8	78,4	74,9	4,4
Vinnuskipulag <i>Work arrangement</i>	2,8	2,6	1,8	2,9	1,3
Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	2,5	2,4	2,5	2,0	0,9

Skýringar Notes: Þeir sem voru fjarverandi frá vinnu alla daga viðmiðunarvikunnar. Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. *Absent from work the entire reference week. Percentages are calculated before total figures are rounded to the closest hundred.*

Vinnustundir

Mynd 16. Heildarvinnustundir á viku eftir kyni og ársfjórðungi 2010–2018

Figure 16. Total average hours of work per week by sex and quarter 2010–2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) vinnustundir 3. ársfjórðungur 2018: Alls ±0,7; karlar ±0,9; konur ±0,9. *CI (95%) 3rd quarter 2018 Total average hours: Total ±0.7; Males ±0.9; Females ±0.9.*

Meðalfjöldi heildarvinnustunda
41,1 stundir á viku

Meðalfjöldi heildarvinnustunda á viku var 41,1 klukkustund hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 36,9 stundir hjá konum og 44,5 stundir hjá körlum. Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá þeim sem voru í fullu starfi var 45,3 klukkustundir, 42,1 stund hjá konum og 47,3 stundir hjá körlum. Meðalfjöldi vinnustunda á viku hjá þeim sem voru í hlutastarfi voru 25,0 klukkustundir, 25,6 stundir hjá konum en 23,6 hjá körlum.

Til samanburðar var meðalfjöldi vinnustunda 40,5 klukkustundir á þriðja ársfjórðungi 2017, 36,7 stundir hjá konum og 43,5 stundir hjá körlum. Þeir sem voru í fullu


starfi unnu 44,3 stundir að jafnaði en þeir sem voru í hlutastarfi unnu að jafnaði 25,1 stund.

Venjuleg vinnuvika

Í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er allt starfandi fólk spurt hversu margar stundir það vinnur að jafnaði í venjulegri viku. Á þriðja ársfjórðungi 2018 sagðist starfandi fólk vinna að jafnaði 39,8 stundir í venjulegri viku. Þar af unnu 15,0% færri en 30 stundir sem er 0,5 prósentustigum minna en og árið áður. Eins og venjulega þá segjast langflestir vinna sléttar 40 stundir að jafnaði í venjulegri viku eða 37,7%, sem er aukning um 4,6 prósentustig frá þriðja ársfjórðungi 2017.

Mynd 17. Venjulegar vinnustundir á 3. ársfjórðungi 2010–2018


Figure 17. Usual hours in 3rd quarter 2010–2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) venjulegar vinnustundir 3. ársfjórðungur 2018: Minna en 30 klst. $\pm 1,3$, 30–39 klst. $\pm 1,1$, 40 klst. $\pm 1,9$, 41–49 klst. $\pm 1,5$ og 50 klst. eða meira $\pm 1,4$. CI (95%) Usual hours 3rd quarter 2018: Less than 30 hrs. $\pm 1,3$, 30–39 hrs. $\pm 1,1$, 40 hrs. $\pm 1,9$, 41–49 hrs. $\pm 1,4$ and 50 hrs. or more $\pm 1,4$.

Mynd 18. Venjulegar vinnustundir eftir kyni á 3. ársfjórðungi 2018

Figure 18. Usual hours by sex in 3rd quarter 2018



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) mælinganna eru sýnd með lóðréttu strikunum á myndinni. The error bars show the CI (95%).

Ólík dreifing venjulegra
vinnustunda eftir kynjum

Dreifing venjulegra vinnustunda er enn sem áður ólík eftir kynjum. Á þriðja ársfjórðungi unnu 21,7% kvenna að jafnaði minna en 30 stundir á viku samanborið við 9,4% karla og 18,0% kvenna unnu 30-39 stundir en 5,3% karla. Algengast er að vinna 40 stundir á viku og átti það við 39,2% kvenna og 36,3% karla. Hlutföll kvenna og karla snúast við hjá þeim sem segjast vinna meira en 40 stundir á viku þar sem 24,0% karla segjast venjulega vinna 41-49 stundir á viku en 13,8% kvenna. Um 25,0% karla vinna venjulega 50 stundir eða meira á viku samanborið við 7,3% kvenna.

Ástæður þess að unnar eru
færri vinnustundir en venjulega

Ef uppgjafinn vinnutími er styttri en venjulegur vinnutími þá er spurt um ástæður þess sem gefa vísendingar um orsakir fjarvista frá vinnu hluta úr vikunni. Ástæður færri unninna stunda má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Helstu ástæður færri unninna stunda en venjulega á 3. ársfjórðungi
Table 3. Main reasons for working fewer hours than usual in 3rd quarter

	3. ársfjórðungur 3 rd quarter			2018	
	2015	2016	2017	2018	ÖB CI (± 95%)
Áætlaður fjöldi Estimated number	40.800	40.500	34.000	32.100	3.000
Veður <i>Weather</i>	200	100	100	100	100
Skóli <i>School</i>	1.200	700	600	300	300
Veikindi <i>Illness</i>	1.700	1.900	2.100	1.800	800
Frí <i>Vacation</i>	22.400	21.300	20.200	19.800	2.400
Vinnuskipulag <i>Work arrangement</i>	6.300	7.700	3.700	5.800	1.400
Mismikið að gera <i>Variable hours</i>	5.600	5.900	5.200	2.800	1.000
Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	3.400	2.900	2.100	1.500	800
Hlutfall Percent					
Veður <i>Weather</i>	0,5	0,2	0,2	0,2	0,3
Skóli <i>School</i>	3,1	1,8	1,8	0,8	1,0
Veikindi <i>Illness</i>	4,1	4,7	6,1	5,7	2,4
Frí <i>Vacation</i>	54,8	52,6	59,4	61,6	7,4
Vinnuskipulag <i>Work arrangement</i>	15,5	19,0	10,9	18,2	4,3
Mismikið að gera <i>Variable hours</i>	13,8	14,5	15,4	8,8	3,0
Aðrar ástæður <i>Other reasons</i>	8,2	7,2	6,3	4,8	2,4

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldataölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. Percentages are calculated before total figures are rounded to the closest hundred.

English summary

The number of 16–74 year olds in the labour force in the 3rd quarter of 2018 was 206,700 corresponding to an activity rate of 82.4%. The number of employed persons was 202,200 while unemployed persons were 4,500. The employment rate was 80.6% and the unemployment rate 2.2%. The number of unemployed females was 2,200 corresponding to 2.3% unemployment rate and 2,300 males were unemployed or 2.0% unemployment rate. The number of employed persons has increased by 7,900 from the 3rd quarter of 2017 and increase in the employment rate by 0.4 percentage points. At the same time the number of unemployed increased slightly or by 200 but the unemployment rate stayed unchanged.

In the 3rd quarter of 2018 the average number of persons at work in the reference week was 167,400, or 66.7% of the population 16–74 years old and 82.8% of all in employment. The average number of working hours for those at work was 41.1 hours, 45.3 hours for full-time employed and 25.0 hours for part-time employed.

See [statistical database](#) on Statistics Iceland's website.

Implementation

The 3rd quarter of 2018 covers 13 weeks, from 2nd July to 30th September. The total sample size was 5,009 persons 16–74 year old selected randomly from the National registry. When those who had passed away or were living abroad had been deducted from the sample, the net sample was 4,889 persons. In total, the number of valid answers was 3,234 corresponding to a 66.1% response rate. All figures have been weighted by sex and age. The confidence limit of the results on activity rate is ± 1.3 percentage points, employment rate ± 1.2 percentage points, unemployment rate ± 0.6 percentage points and working hours ± 0.7 hours.

Hagtíðindi Vinnumarkaður
Statistical Series *Labour market*

103. árg. • 25. tbl.

ISSN 1670-4770

1. nóvember 2018

Umsjón *Supervision* Ólafur Már Sigurðsson • olafur.sigurdsson@hagstofa.is

www.hagstofa.is • www.statice.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.